

**Nr. 17-023 S 015 Víkingur AK 100*****Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr.: 2882  
Útgerð: HB Grandi hf.  
Smíðaður: Tyrklandi 2015, Stál  
Stærð: 3.670,96 bt  
Mesta lengd: 81,19 m Skráð lengd: 72,47 m  
Breidd: 17,00 m Dýpt: 9,60 m  
Vél: Wartsila, 4500 kw, árg. 2014  
Fjöldi skipverja: 14



Víkingur ©Ingimundur Ingimundarson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirtí Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. mars 2017 var Víkingur AK 100 á loðnuveiðum með nót á Breiðafirði. Veður: NA 5 m/s og sléttur sjór.

Skipverjar voru að taka stórt kast þegar svokallað rykkitóg, sem rykkir saman korknum á pokanum, ókláraðist. Einn skipverjinn ætlaði að laga tógið en það hrökk til og þumalfinger hægri handar klemmdist illa milli korkbandsins og teinsins. Haft var samband við lækni og í samráði við hann var þyrla Landhelgisgæslunar send til að ná í slasaða.

***Við rannsókn kom fram:***

- að korkbandið liggur með pokanum og síðan inn á spil sem hífir það pinnað til að krumpa korkinn saman;
- að korkbandið kom flækt úr sjó og skipverjinn ætlaði að skera á það svo hægt væri að koma nótinni í gegnum Triplex blökkina. Hann var kominn að korkbandinu en ekki byrjaður að skera þegar það hrökk til undan þunganum en nokkur hundruð tonn af loðnu voru í nótinni;
- að skipverjinn var mjög vanur á nótaveiðum og búinn að vera tvær vertíðir á þessu skipi.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.